

Grillveislur í sumarblíðunni

Í sumar höfum við notað tækifærin þegar vel hefur viðrað og grillað og borðað úti í fallega Sóltúnsgarðinum okkar.



Sumarferð starfsmanna Sóltúns

Í lok júní stóð starfsmannafélagið fyrir fjölskylduhelgarferð á Þingvöllum. Farið var í göngur, leiki og notið útvistar saman. Um 40 manns tóku þátt og bauð Sóltún hópnum í grillveislu á laugardagskvöldinu.

Myndin er frá gönguferð starfsmanna í Reykjadal.



Aðstandendur geta fengið sendar auglýsingar í tölvupósti, um uppákomur í

Sóltúni. Vinsamlegast hafið samband við móttökuna.

Aðstandendur geta fengið raflykil að útidrym gegn vægu skilgjaldi í móttöku Sóltúns.

GÆÐI Á HJÚKRUNARHEIMILUM

Í ÞESSU TÖLUBLADI

- GÆÐI Á 1
- HJÚKRUNAR-HEIMILUM
- SAMVINNA VIÐ TÉKKA 2
- GJAFIR OG HEIMSÓKNIR 3
- SUMARFRÉTTIR 4

Notast er við skilgreinda gæðavísa til að meta árangur hjúkrunar á hjúkrunarheimilum. Gæðavísar gefa starfsfólki og stjórnendum vísendingar um það sem vel er gert og það sem betur má fara. Í Sóltúni er vakað yfir niðurstöðum gæðavísa og fjölmörg gæðateymi eru að störfum. Má þar nefna; byltuteymi, næringarteymi, sárateymi, þunglyndisteymi, teymi til varnar hvers kyns höftum, líknarteymi, verkjateymi og þvaglekateymi. Jafnframt eru starfandi sýkingavarnanefnd, fræðslunefnd, einkavarnanefnd, umhverfisnefnd o.s.frv. Landlæknisembættið á samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu að hafa eftirlit með og tryggja gæði þjónustunnar. Töluverð umræða hefur verið í fjölmiðlum um flokkun hjúkrunarheimila í góð, meðal og léleg hjúkrunarheimili, skv. skýrslu Ingibjargar Hjaltadóttur doktorsnema í hjúkrunarfræði.

Landlæknisembættið hefur nýlega komið því á framfæri við Sóltún að Sóltún hafnaði í floknum *Góð heimili* í skýrslu Ingibjargar frá 2009.

Algengni byltna
 Algengi þunglyndiseinkenna
 Algengi þunglyndiseinkenna án meðferðar
 Algengi á notkun 9 eða fleiri lyfja
 Algengi þvagfærasýkinga
 Algengi þyngdartaps
 Algengi vökvaskorts
 Algengi rúmfastra íbúa
 Algengi þrýstingssára, stig 1-4

Hér til hliðar er tafla með þeim gæðavísam sem notaðir voru við útreikningana.

Stefnt er að samskonar úttekt hjá Landlæknisembættinu í lok þessa árs.

Niðurstöður á gæðavísam Sóltúns má sjá á www.soltun.is



Börn í heimsókn sýna leikþátt

Samvinna við Samtök tékkneskra hjúkrunarheimila

Sóltún er í samvinnu við Samtök tékkneskra hjúkrunarheimila (Asociace poskytovatelů sociálních služeb ČR). Markmiðið er að vinna sameiginlega að þróun mælitækja til að meta gæði þjónustunnar og aðbúnað, greina hvar megi gera umbætur og miðla þekkingu og aðferðum milli landanna. Árið 2010 kom hópur í námsheimsókn til Íslands og hópur fór héðan til Tékklands. Námsferðirnar voru mjög áhugaverðar og margt nýtt bar fyrir sjónir sem taka má til fyrirmyndar. Á tékknesku þemavikunni sem haldin var í Sóltúni fyrir á þessu ári sögðu hjúkrunarstjórnendur fá ferðinni í máli og myndum. Framhald varð á samvinnunni og kemur hópur frá Tékklandi í heimsókn í ágúst. Markmiðið er að áreiðanleikamæla nýtt mælitæki sem hannað var í Tékklandi og mælir og metur viðhorf íbúa og ættingja til þjónustunnar, metur aðbúnað og viðhorf starfsfólk. Hjúkrunarheimilin fá síðan samanlögð stig sem segir til um hversu margar stjörnur þau fá, því fleiri stjörnur því betri árangur. Á Íslandi taka þátt þrjú hjúkrunarheimili sem eru í Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu; Sóltún, Skógarbær og Hrafnista Boðapingi. Sóltún kennir starfsfólki tékkneskra hjúkrunarheimila á RAI mælitækið,



hvernig best er að innleiða það og nota til gæðaumbótastarfs í hjúkrun. Sóltún færir þeim íbúum, ættingjum og starfsfólki kærar þakkar sem hafa lagt þessu verkefni lið.



Frá tékknesku þemavikunni

Kærar þakkar fyrir góðar gjafir, heimsóknir og hlýhug


Dætur Ingibjargar Jónasdóttur færðu Sóltúni þánó að gjöf til minningar um móður sína. Þíanóið er staðsett í setustofunni á 3. hæð C. Sóltún færir þeim kærar þakkar fyrir höfðinglega gjöf.

Guðrún Jónsdóttir í Félagsstarfi aldraðra í Gerðubergi færði heimilinu fallegar hannyrðir ásamt velunnara. Þær prýða nú vegg Sólúns. Gefendum eru færðar innilegar þakkar.



Stefán Helgi Stefánsson

Stefán Helgi Stefánsson söngvari hefur komið í hverjum mánuði og sungið með íbúum sem búa á 2. hæð í Sóltúni. Stefán leggur sig sérstaklega fram við að ná til heilabílaðs fólks með söng sínum og framkomu. Mikil ánægja er með söngheimsóknirnar og veita þær íbúum og starfsfólki mikla gleði. Sóltún þakkar Stefáni og styrktaraðilum kærlega fyrir þetta góða og ómetanlega framtak.



Böðvar Magnússon og Guðmundur Ólafsson

Þann 14. júlí heimsóttu okkur þeir Böðvar Magnússon hljóðfæraleikari og Guðmundur Ólafsson söngvari. Eru þeim færðar kærar þakkar fyrir söng og undirleik.

